

Borgarstjórn Reykjavíkur
18. júní 2024

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um breytt skipulag og fyrirkomulag á vinnu skólasálfræðinga

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela velferðarsviði að vinna tillögu að breyttu fyrirkomulagi og skipulagi á vinnu skólasálfræðinga og annars fagfólks skólaþjónustu með það að markmiði að stytta biðlista barna þannig að ekkert barn bíði lengur eftir þjónustu en 90 daga. Hafa skal til hliðsjónar sambærilegt átak á barna- og unglíngadeild, m.a. þannig að fagfólk geti unnið í meiri samvinnu og teymisvinnu að heildstæðri greiningu á vanda barns eins og óskað er eftir í tilvísun. Frumgreining gæti batnað og skilað meiri árangri ef þær yrðu unnar meira í teymi ólíkra sérfræðing eftir því sem beðið er um samkvæmt tilvísun. Með þessu myndi tilvísunum fækka í hópi þeirra barna sem þurfa frekari greiningu nema kannski í allra þyngstu málunum s.s. hjá börnum sem þurfa fötlunargreiningu eða eru með alvarlegri geðrænan vanda sem þarfnast heilbrigðisþjónustu. Einnig skal finna leiðir til að auka áhuga sérfræðinga á að vinna hjá Skólaþjónustu Reykjavíkurborgar.

Greinargerð

Það sem skiptir mestu í þessu sambandi er að greiningarvinna og ráðgjöf vinnist í meira samstarfi við aðra sérfræðinga (sálfræðinga, talmeinafræðinga, kennsluráðgjafa og hegðunarráðgjafa) svo barnið fá heildstæða greiningu strax í upphafi og þurfi þar að leiðandi ekki að fara aftur á biðlista eftir frekari greiningu eða fagþjónustu.